

Tilm. 11/2019/kultur D 2019

Fyrri skjalsnúmer A 1795/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um norræna framkvæmdaáætlun á sviði útivistar (Tilm. 11/2019)

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð skrái svarið við tilmælum 11/2019 hjá sér og *bíði eftir pólitísku samráði*.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að samín verði norræn framkvæmdaáætlun á sviði útivistar sem byggð verði á liðunum sjö í nefndarálitinu,

að Norræna ráðherranefndin láti rannsaka eftirtalið: Tengsl útivistar og lýðheilsu á Norðurlöndum, þ.e. hvað er unnt að gera til að fá fleiri börn, ungmenni og fullorðna til að taka þátt í útivistarstarfi? Jafnframt verði rannsakað hvers vegna sumir kjósa að stunda ekki útivist — eru einhverjar hindranir í vegi fyrir því? Og hvernig geta fleiri tekið þátt í útivistarstarfi án þess að náttúruspjöll hljótist af?

að tekið verði til athugunar að skipuleggja samnorrænt útivistarár á næstu árum. Sjónum yrði þá beint að útivist á Norðurlöndum á breiðum grundvelli með ýmsum viðburðum og málþingum og íbúum landanna yrði gert kleift að stunda fjölbreyttara útivistarstarf í því skyni að hvetja fólk til hreyfingar utanhúss og stuðla þannig að betri lýðheilsu.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin tekur undir þá skoðun Norðurlandaráðs að mörgum Norðurlandabúum sé mikilvægt að geta notið náttúrunnar og eiga greiðan aðgang að skóglendi og óbyggðum svæðum, auk þess sem hreyfing utandyra getur verið heilsueflandi.

Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar er að Norðurlönd verði orðin sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Stefnt er að því að gera þá



framtíðarsýn að veruleika með starfsemi á þremur áherslusviðum sem fengið hafa heitin „Græn Norðurlönd“, „Samkeppnishæf Norðurlönd“ og „Félagslega sjálfbær Norðurlönd“. Í þessu skyni hafa tiltekin markmið verið sett á hverju sviði um sig og eru þau markmið alls tólf. Útivist á Norðurlöndum heyrir undir allar stoðirnar þrjár, og liðirnir sjö í nefndarálitinu eru allir þess eðlis að þeir geta stuðlað að framtíðarsýninni sem heild. Nokkur markmiðanna vega þó þyngra en önnur þegar kemur að frekari vinnu við að auka sjálfbærni útivistar á Norðurlöndum, þ.e. markmið 2, 9 og 11:

- Að stuðla að varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og standa vörð um sjálfbæra nýtingu náttúru og hafsvæða á Norðurlöndum (2)
- Góða og örugga heilbrigðisþjónustu þar sem jöfnuður ríkir og velferð án aðgreiningar (9)
- Að efla rödd norrænna félagasamtaka, einkum barna og ungmenna, og auka þátttöku þeirra í norrænu samstarfi svo og þekkingu þeirra á tungumálum og menningu frændþjóðanna (11)

Framtíðarsýnin felur jafnframt í sér að á vegum ráðherranefndarinnar verður fyrst um sinn lögð lítil áhersla á gerð nýrra framkvæmdaáætlana umfram þær þrjár sem varða ofangreind þrjú áherslusvið. Fagsvið ráðherranefndarinnar hafa veturinn 2019–2020 komið á framfæri sjónarmiðum sínum um hvernig orða skuli markmið væntanlegra framkvæmdaáætlana og hvert inntak þeirra skuli vera. Sum fagsviðin hafa lagt fram tillögur sem tengjast útivist á Norðurlöndum, en allt slíkt er enn á tillögustigi og ákvarðanir um inntak framkvæmdaáætlanna verða teknar vorið og sumarið 2020.

Ekki hefur enn verið ákveðið hvort efnt verður til nýrra rannsókna um útivist á Norðurlöndum en ráðherranefndin hefur nokkrum sinnum áður styrkt starf á því sviði. Meðal annars var unnið norrænt verkefni (2017/2018) sem snerist um að skoða hvernig útivist er notuð til að auðvelda samfélagsaðlögun flóttamanna og innflytjenda á Norðurlöndum, „Origin – Outdoor recreation, nature interpretation and integration in the Nordic countries“. Í því verkefni var hugað að því hvernig best mætti nýta náttúruna í þágu samfélagsaðlögunar, tekið saman yfirlit um fyrirliggjandi þekkingu á því sviði („Nature-based integration – Nordic experiences and examples“), og saminn gátlisti fyrir þá sem starfa að því að gera innflytjendum auðveldara að nýta sér útivist og dvöl í náttúrunni. Jafnframt voru haldnir tengslafundir til að miðla þekkingu og reynslu milli þeirra sem hafa með höndum starfsemi og skipulagningu á þessu sviði.

Norrænn vinnuhópur um líffræðilegan fjölbreytileika, NBM, gaf út árið 2019 kennslubókina „Naturvægledning i Norden“ – bók um upplifun, nám, vangaveltur og ástundun í samspili manns og náttúru, sem er til þess ætluð að hjálpa fólki að læra að meta náttúruna. Fyrir liggur einnig TemaNord-skýrsla frá árinu 2014, „Naturtolkning för barn och ungdomar i Norden“, en efni hennar er náttúrutúlkun fyrir börn og ungmenni.



Á vegum ráðherranefndarinnar er nú einnig unnið að verkefni undir formennsku Íslendinga um sjálfbæra ferðamennsku í sátt við náttúruna og er markmið þess að miðla þekkingu og gera norrænu ríkin betur í stakk búin að takast á við úrlausnarefni í tengslum ferðaþjónustu og náttúru á Norðurlöndum. Þá hefur ráðherranefndin hleypt af stokkunum, í samstarfi við Norðurlandaráð, verkefninu „Þátttaka ungs fólks í vinnunni við gerð nýs alþjóðasamnings um líffræðilegan fjölbreytileika“, en þar er höfuðáherslan á vitneskju um náttúruna, áhrif á hana og hvernig hún þróast.

Norræna barna- og ungmennanefndin, NORDBUK, lítur svo á að með útivist gefist börnum og ungmennum verðmæt tækifæri til þátttöku í starfi af þessu tagi og er það meðal annars með vísan til þess sem nefndin hyggst kanna á vordögum 2020 hvernig hún getur látið til sín taka í þessu efni á næstu árum. Nefndin lítur auk þess á útivist á Norðurlöndum sem hluta af víðtækara hugtaki, aðgang barna og ungmenna að tómsundum í heild sinni. Forsenda þess að börn og ungmenni á Norðurlöndum geti tekið þátt í frístundastarfi er í mörgum tilvikum sú að þau hafi til þess nægan tíma og efni, að þeim bjóðist tækifæri til slíks starfs og upplýsingar um það liggja fyrir. Nefndin telur mikilvægt að skoða möguleika til útivistar á Norðurlöndum í ljósi þeirra félagslegu og hagrænu þátta sem ráða úrslitum um hvort fólk á kost á slíkri tómsundaiðju.

Sem stendur er ekki unnið að starfsárum með sérstöku þema á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Lítið er svo á að tilmælin hafi þegar komist í framkvæmd að hluta til.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin fjallaði um svar Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælum 11/2019 Norræn framkvæmdaáætlun á sviði útivistar á fundi sínum í apríl 2020. Í svarinu kom fram að ráðherranefndin hygðist ekki semja sérstakar framkvæmdaáætlanir umfram þá framkvæmdaáætlun sem tengist framtíðarsýninni um norrænt samstarf, en sú áætlun var enn í vinnslu þegar svarið var sent. Þá var nefnt að margar af umsögnum fagsviðanna um framkvæmdaáætlunina vörðuðu útivistarmál. Nefndin var því einhuga um að fresta umfjöllun um málið þar til endanleg framkvæmdaáætlun lægi fyrir.

Nefna má að lítið er fjallað um útivistarmál í skjalinu *Þannig verða Norðurlöndin sjálfbærasta og samþættasta svæði heims – Drög að framkvæmdaáætlun 2021–2024*¹. Markmið 4 er orðað þannig: „Norræna ráðherranefndin geri norrænum neytendum til muna auðveldara og meira aðlaðandi að velja hollar og umhverfis- og loftslagsvænar vörur með sameiginlegu átaki til að auka sjálfbæra neyslu.“ Undir þetta markmið fellur einnig „að byggja upp aðlaðandi svæði til útivistar“. Í undirbúningsskjali sem tengist þessu markmiði framkvæmdaáætlunarinnar stendur einnig að vinna beri að „samstarfi til að standa vörð um og byggja upp aðlaðandi svæði til útivistar“.

¹Þannig verða Norðurlönd sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Í verkefninu Nordiskt initiativ kring hállbar livsstil („Norrænt áttak um sjálfbæra lífshætti“), sem úthlutað hefur verið 20 milljónum danskra króna af 4x40-ráðstöfunarfénu og unnið er að í samstarfi MR-MK, MR-FJLS, MR-S, MR-U, MR-K og MR-JÄM, er eitt markmiðanna að gera fólki kleift að njóta náttúru og menningar á sjálfbæran hátt.

Nefndin var einhuga um að útvistarmálum hefði ekki verið gefið nægilega mikið rými í drögum að framkvæmdaáætlun 2021–2024 og samþykkti því að fara fram á pólitískt samráð.

Norðurlöndum, 27. október 2020

Angelika Bengtsson (SD)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Ann-Sofie Alm (M)

Camilla Gunell (ÅSD)

Daniel Riazat (V)

Erlend Wiborg (FrP)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Lars Mejern Larsson (S)

Mikko Kinnunen (cent)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Riikka Purra (saf)

Veronika Honkasalo (vinstri)